

Mál nr. 356/2018
M og
vátryggingafélagið V v/ málskostnaðartryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna dómsmáls sem laut að ágreiningi um lögheimili,
meðlagsgreiðslur og umgengnisrétt við barn.

Gögn.

Málskot, móttakið 6.11.2018, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 26.11.2018.

Málsatvik.

M eignaðist barn með sambýliskonu sinni. Eftir að sambúð M og barnsmóður hans lauk bjuggu þau í sama hverfi í Reykjavík og var barn þeirra í leikskóla í hverfinu. Eftir að barnsmóðirin fluttist í annað sveitarfélag höfðaði M dómsmál á hendur barnsmóður sinni og hafði uppi þær dómkröfur 1) að lögheimili barns þeirra yrði flutt til hans, 2) að stefnda greiði nánar tilgreint meðlag með barninu til 18 ára aldurs og 3) „að dómurinn ákveði inntak umgengnisréttar [barnsins] við það foreldri sem [barnið] mun ekki eiga lögheimili hjá.“

M hefur krafist greiðslu úr málskostnaðartryggingarlið fjölskyldutryggingar sem hann hefur í gildi hjá V vegna kostnaðar við rekstur dómsmálsins. V hefur hafnað bótaskyldu þar sem það telur að kostnaður vegna dómsmáls eins og hér um ræðir falli ekki undir bótasvið vátryggingarinnar. M vill ekki una þeirri niðurstöðu.

Álit.

Samkvæmt gr. 25.1 í skilmálum málskostnaðartryggingar þeirrar sem hér er til skoðunar bætir vátryggingin málskostnað vegna ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Í gr. 25.4 er á hinn bóginn mælt fyrir um það að vátryggingin bæti ekki málskostnað sem varðar hjónaskilnað eða mál sem upp kunna að koma í sambandi við hjónaskilnað. Sama gildir um mál vegna sambúðarslita og önnur mál sem varða ágreining um forræði barna, umgengnisrétt og faðernismál.

Rót þess ágreinings, sem fyrrgreint dómsmál lýtur að, má rekja til þess að barnsmóðir M fluttist í annað sveitarfélag og í kjölfar þess krafðist M þess að lögheimili barnsins yrði flutt til hans og hann myndi ganga í skóla þar sem hann býr og umgengnisréttur við barnið yrði tekið til endurskoðunar með tilliti til þessa. Telja verður að málið snúi í reynd fyrst og fremst að endurskoðun á umgengnisrétti M við barnið. Af þeim sökum fellur dómsmálið undir undanþáguákvæði gr. 25.4 og af því leiðir að kostnaður vegna málsins fæst ekki bættur úr málskostnaðartryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 20. desember 2018.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson lögm. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.